

Stjórn Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar samþykkir eftirfarandi viðauka við gjafabréf þeirra Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar frá 8. ágúst 1983. Með þessum viðauka telst gjafabréfið fullgilt sem stofnskrá safns samkvæmt 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.

Viðauki

1. gr.

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar starfar samkvæmt þeim lögum sem gilda um starfsemi safna og samkvæmt samþykktum og siðareglum ICOM, alþjóðaráðs safna.

2. gr.

Ráðning forstöðumanns Hafnarborgar fer fram samkvæmt samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Hann skal ráðinn til fimm ára í senn og er heimilt að framlengja ráðningu forstöðumanns til næstu fimm ára án auglýsingar. Hann skal hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á myndlist og starfsemi / rekstri listasafna.

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana stjórnar og bæjarráðs.

Forstöðumaður ber ábyrgð á viðhaldi búnaðar safnsins í samráði við Fasteignafélag Hafnarfjarðarbæjar.

3. gr.

Stjórn Hafnarborgar skipar þriggja manna listráð sem hafa skal sama skipunartíma og stjórnin. Hlutverk listaráðs er að vera ráðgefandi varðandi listræna starfsemi þar með talið fjalla um innkaup og gjafir samkvæmt söfnunarstefnu. Forstöðumaður geri tillögur að fulltrúum til setu í listaráði.

4. gr.

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal fara að fyrirmælum gjafabréfs og samráð haft við höfuðsafn eins og gildandi lög gera ráð fyrir.